

Félagsfræði 104. Inngangur að félagsfræði.

Lýsing á efni áfangans:

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur kynnist félagsfræðinni sem vísindagrein. Fjallað er um félagsfræðilega rannsóknarhefð og nemendur eiga að gera félagsfræðilega rannsókn. Þá eru samfélagsleg málefni eins og menning, trú, fjölskyldan, atvinnulíf og stjórnámál skoðuð með gleraugum félagsfræðinnar.

Kennslugögn:

Garðar Gíslason. Félagsfræði 1 – Einstaklingur og samfélag.

Námsmat:

Einstaklings- og hópaverkefni: (40%)

Rannsóknarverkefni: (20%)

Kennaraeinkunn: (10%)

3 Kaflapróf: (15%)

Lokapróf: (15%)

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- umhverfi sínu nær og fjær
- gagnvirkni samfélags og einstaklings
- hugtakanotkun í félagsfræði
- félagsfræðilegum hugsanahætti

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í samfélagslegum umræðum
- mynda sér skoðanir á meðvitaðan og gagnrýninn hátt
- eiga samstarf og samskipti við aðra
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna sér ofan í kjölinn tiltekið félagsfræðilegt rannsóknarefni
- þróa með sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- vinna rannsóknarverkefni samkvæmt félagfræðilegri rannsóknarhefð
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt

ATHUGIÐ: Nemandi þarf að ná meðaleinkunn 5 úr könnunum og lokaverkefni til að standast áfangann.